



#### **Siðaregla nr. 1.4.**

- **Iðjupjálfi vinnur í nánú samráð við skjólstæðinga sína, virðir þekkingu þeirra og reynslu og tekur mið af þörfum þeirra, færni og aðstæðum þegar þjónustuáætlun er gerð.**

Þegar við hittum skjólstæðing í fyrsta skipti hefst samvinna okkar við hann. Samvinna sem á eftir að standa yfir í lengri eða skemmri tíma og vonandi skila skjólstæðingnum betri heilsu og líðan. Það er því mikils virði að vel takist til. Í grein 1.4 í siðareglunum erum við minnt á mikilvægi samráðsins og samvinnunnar í þjónustu við skjólstæðingana. Að mæta manneskju þar sem hún er stödd. Þetta er setning sem oft er hamrað á og við þekkjum svo vel. Auðvelt ekki satt? Til að mæta manneskju þar sem hún er stödd er fyrsta atriðið að hlusta. Hlusta eftir því hver þessi manneskja er, hverjar eru aðstæður hennar, hvað hefur hún fram að færa og hverjar eru hugmyndir hennar um sitt líf. Annað mikilvægt atriði er virðing. Að sýna því virðingu sem við okkur er sagt og taka mark á því þó svo við séum á annarri skoðun. Það er nauðsynlegt að staldra stundum við og spyrja sig, hvort maður sé á réttri leið. Er ég að setja hæfilegar kröfur? Tek ég nægjanlegt tillit til þess sem skjólstæðingurinn segir? Eru það mín eigin viðmið sem ráða ferðinni um of? Fleiri spurningar geta skotið upp kollinum. Er það ekki ég sem er fagmaðurinn og á að leiðbeina? Á ég ekki að vita betur? Jú við eigum að vita betur og leiðbeina og fræða. En það er mikilvægt að nota fagþekkinguna þannig að það henti skjólstæðingnum í þeim aðstæðum sem hann er í. Það er það sem gerir okkur að góðum fagmönnum og það gerum við best með því að hlusta og virða og taka tillit til aðstæðna.